



**Afmæliskveðja  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
verndara Samtakanna '78  
til þeirra og hinseginsamfélagsins  
2018**

Á 40 ára afmæli Samtakanna 78 færi ég þeim heillaóskir og baráttukveðjur. Í öfluglu velferðarsamfélagi á hinsegin fólk að njóta fyllstu réttinda og sömu stöðu og allir aðrir. Engin manneskja á að gjalda þess að vera hinsegin. Í landinu á að ríkja jafnrétti og umburðarlyndi, ástfrelsi og unaður.

Margt hefur áunnist í fjögurra áratuga sögu samtakanna. Yfir mörgu má gleðjast. Ótti og jafnvel skömm þarf ekki lengur að vofa yfir lesbíum, hommum og öðru hinsegin fólk. Gleðigangan vinsæla ber því ár hvert glöggt vitni. Samkynhneigð manneskja á besta aldri, borin og barnfædd á Íslandi, getur tæpast talist til verst settu fórnarlamba mismununar og miskunnarlausra fordóma, þótt eflaust megi finna undantekningar þegar alhæft er af svo mikilli djörfung. Aðrir innan hinseginsamfélagsins eiga aftur á móti undir högg að sækja. Þær þúsundir sískynja fólks sem fylgjast af velþóknun með gleðigöngunni styðja ekki endilega allar kröfur og alla þá sem berjast fyrir sínum rétti eða hugsjónum undir merkjum Samtakanna 78. Það er óumflýjanlegt í frjálsu samfélagi.

Mest er um vert að frjálslýndi ríki í stað þröngsýni, þekking í stað fordóma. Enn eru í fullu gildi þau sannindi og sú krafa um réttlæti, sem finna má í fyrstu stefnuskrá samtakanna. Um leið og ég ítreka afmæliskveðjur mínar á merkum tímamótum geri ég þennan óð til þekkingarinnar að eigin lokaorðum: „Þekkingin er eign samfélagsins alls. Hún leysir úr fjötrum fáfræði og hindurvitna. Hún þokar vanþekkingunni brott svo að hún á ekki afturkvæmt, því að af þekkingu leiðir skilning. Á öllum sviðum þjóðlífsins ríkja bábyljur og hleypidómar, skapa það og móta, uns þekkingin berst. Aldrei hefur hún borist viðstöðulaust, hún krefst athafna og atorku þeirra er yfir henni búa og geta miðlað henni.“